




Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



Umboðsmaður Alþingis
Skúli Magnússon
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2021
2105110/6.5


Efni: Mál nr. F100/2021. Framkvæmd bólusetninga gegn COVID-19.

Í bréfi dags. 18. maí 2021 er beðið um upplýsingar um þá sem tilheyra forgangshópum í bólusetningu gegn COVID-19 en hafna boðnu bóluefni og hvort þeir hafi áfram forgang í önnur bóluefni.

Ef einstaklingur sem tilheyrir forgangshópi í bólusetningu hafnar boðnu bóluefni á þeim grunni að læknir hafi mælt með öðru bóluefni þá er honum boðið annað bóluefni að gefnum tilmælum læknis.

Ef einstaklingur sem tilheyrir forgangshópi hafnar hins vegar boðnu bóluefni án læknisfræðilegra ástæðna þá verður hann að bíða eftir opnum dögum í bólusetningu sem auglýstir eru sérstaklega. Áætlað er að næsti opni dagur í bólusetningu verði um miðjan júní nk.

Virðingarfyllt,


Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir